ið og honum auðnaðist að lifa lífinu lifandi. Ég horfi til baka og sé hvar hann stendur í stafni, stýrir fleyi sínu af æðruleysi og festu. Brimskaflarnir náðu ekki að slökkva lífsþorstann og barnsleg gleði skein úr augunum þegar þeir voru að baki og hann gat verið veitandinn og verndarinn.

En nú leggur góður drengur í sína hinstu för og línur úr Hávamálum leita á hugann:

Deyr fé,
deyja frændur,
deyr sjálfur ið sama;
en orðstír
deyr aldregi,
hveim er sér góðan getur.
(Úr Hávamálum)

Við Guðlaugur og börnin okkar þökkum Árna fyrir einstaka tryggð og hlýju og biðjum fjölskyldu hans Guðs blessunar.

Jónína Eiríksdóttir.

Það var fyrir nokkrum árum er leiðir okkar Árna lágu saman eða réttara sagt lóðir. Það fór ekki á milli mála að þarna var vandvirkur maður að verki, skrúfur og já jafnvel langar skrúfur og auðvitað ryðfríar voru mikið hafðar á lofti, þegar ég var með nagla. Það var hvetjandi fyrir nágrannann að fylgjast með Árna og Beggu vinna, vönduð fumlaus vinnubrögð var það sem maður sá. Gaman var líka að sjá hvað allir ættingjar voru duglegir að koma við og sumir tóku til hendinni með þessu ágæta fólki. Aðdáunarvert að sjá þessa samansettu fjölskyldu svona samheldna og vandaða á öllum stöðum. Þó að það sé sárt að kveðja þá hefði ég ekki viljað missa af því að kynnast honum Árna mínum. Hann var duglegur að gefa mér ráð, beint eða óbeint, kenndi mér á sagir og ýmislegt annað slíkt sem ég lærði af honum, ekki síst með því að horfa á hann vinna. Við áttum það líka til að hjálpa hvor öðrum með smámuni. Ef eitthvað á að vera vandað þá er það gert með Árna lagi. Það veit ég og krakkarnir líka. Þetta er svona orðatiltæki hjá okkur. Þetta varð því náin og góð nágrannavinátta sem varð til á þessu holti í Tungunum. Ég leit mikið upp til Árna og hans vandaða vinnulags. Árni reyndist mér afskaplega vel, stundum hafði ég nú á orði að ég væri svona auka sonur, öllu gríni fylgir nokkur alvara. Ósköp var nú gaman þegar hægt var að setjast niður og taka einn öl eða svo, þá var nú Árni í stuði sem fyrr og sagði sögur sem gaman var á að hlýða. Okkur nágrönnum þótti óhemju vænt um Árna, krakkarnir litu á hann sem afa (og Beggu auðvitað sem ömmu) það var mikið sport að fara yfir og bjóða í kaffi eða fara þarna í kaffi ekki vantaði nú veitingarnar (en Árni sá auðvitað ekki um þær) en það sem mér þótti nú einna best var andinn, hvað manni leið vel í návistinni og hvað þessar samverustundir gáfu mikið af sér í sálina, jú jú, magann líka en sálina fyrst og fremst. Mikill léttleiki var yfir öllu og gott að ylja sér við þessar minningar sem ég hefði nú viljað bæta á í nokkur ár í viðbót hið minnsta.

Hvers vegna er leiknum lokið?
Ég leita en finn ekki svar.
Ég finn hjá mér þörf til að þakka
þetta sem eitt sinn var.
(Starri í Garði.)

Ég kveð Árna vin minn með miklum söknuði, krakkarnir mínir gera það líka. Við kveðjum með innilegu þakklæti frá innstu hjartarótum, takk, elsku Árni, fyrir allt. Elsku Begga og fjölskylda, innilegar samúðarkveðjur til ykkar allra, missir minn er mikill en ykkar risastór. Nú er gott fyrir ykkur að vera þessi sterka og samheldna fjölskylda og saman getið þið stutt hvert annað í gegnum sorgina. Allar góðar vættir veri með ykkur.

Gunnar (Gunni granni) og börn.

Ásgerður Ester Búadóttir

✝ Ásgerður Ester Búadóttir fæddist í Borgarnesi 4. desember 1920. Hún lést á Hjúkrunarheimili Hrafnistu, Kópavogi, aðfaranótt mánudags 19. maí 2014.

Foreldrar Ásgerðar voru Búi Ásgeirsson, póstur og bóndi á Stað í Hrútafirði, síðar verslunarmaður í Borgarnesi og í Reykjavík, f. á Hlaðhömrum í Strandasýslu 23.7. 1872, d. 13.6. 1949, og Ingibjörg Teitsdóttir, húsfreyja í Borgarnesi og í Reykjavík, f. á Ferjubakka í Borgarfirði 12.4. 1886, d. 26.1. 1974. Systkini Ásgerðar voru Alfreð, verkstjóri, f. 30.7. 1909, d. 29.11. 1995, Solveig, handavinnukennari, f. 17.11. 1910, d. 14.3. 2004, Oddný Þórunn Bendtsen, húsmóðir, f. 25.5. 1915, d. 27.10. 1964 og Inga Hrefna, hjúkrunarkona, f. 15.4. 1928, d. 22.12. 2009. Maður Ásgerðar var Björn Th. Björnsson, listfræðingur, fæddur í Reykjavík 3.9. 1922, d. 25.8. 2007. Foreldrar hans voru Baldvin Björnsson, gullsmiður og listmálari, fæddur í Reykjavík 1.5. 1879, d. 24.7. 1945, og Martha Clara Björnsson, húsmóðir, fædd Bemme, í Leipzig í Þýskalandi, 10.5. 1886, d. 30.10. 1957. Börn Ásgerðar og Björns eru Baldvin, grafískur hönnuður, f. 20.12. 1947, starfandi í Danmörku, Björn Þrándur, prófessor í lífeðlisfræði við Gautaborgarháskóla, f. 1.8. 1952, kvæntur Ingibjörgu Eir Einarsdóttur, og Þórunn, náttúrulæknir og osteopati, f. 20.8. 1968, starfandi í Englandi, gift Simon Bacon.

Ásgerður var næst yngst systkinanna. Þriggja ára gömul fluttist hún með foreldrum sínum til Reykjavíkur. Hún ólst upp í Grjótagötu og síðar í Þingholtsstræti. Árið 1942 innritaðist hún í Handíðaskólann og stundaði síðan framhaldsnám við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn, 1946-49. Í Kaupmannahöfn kynntist hún Birni og giftist honum 1947. Þau fluttu aftur til Íslands 1950 og bjuggu fyrstu árin á Langholtsvegi og Laugarásvegi, áður en þau fluttu árið 1960 inn í hús sitt að Karfavogi 22, þar sem þau bjuggu lengst af. Skömmu eftir heimkomuna til Íslands hóf Ásgerður feril sinn sem listvefari. 1956 vann hún gullverðlaun á alþjóðlegu lista- og handverkssýningunni í München, sem hún fylgdi eftir með fyrstu einkasýningum sínum 1958, 1962 og 1964. Alls hélt Ásgerður 15 einkasýningar og tók þátt í um 70 samsýningum hér á landi og víða um heim. Seinasta stóra yfirlitssýningin á verkum hennar var haldin í Listasafni Íslands 1994, og síðasta einkasýningin var í anddyri Hallgrímskirkju 2007. Sama ár kom út bókin Veftir, um ævi hennar og listamannsferil. Verk Ásgerðar má finna á helstu listasöfnum hérlendis, en einnig á hinum Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum. Verk hennar má einnig sjá í fjöldamörgum opinberum stofnunum, svo sem í Norræna húsinu, Ríkisútvarpinu og Seðlabanka Íslands. Henni var veitt heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu 1993 og frá 1995 voru henni veitt heiðurslaun íslenskra listamanna af Alþingi.

Útför Ásgerðar fer fram frá Fossvogskirkju í dag, 26. maí 2014, og hefst athöfnin kl 13.

Ilmur af grasi og smávöxnum björkum, bláberin, státin og girnileg - sveppaleit á fallegum síðsumardögum - lykt af þangi og sjávarseltu í ævintýralegum ferðum í kræklingafjöru. Þetta eru ljúfar minningar, sem ylja mér í ellinni. Það eru minningar um góðar stundir sem við Gestur áttum með okkar bestu vinum, Ásgerði og Birni Th.

Aðrar stundir koma upp í hugann: notalegt spjall um myndlistina og bókmenntirnar, þetta sem tilvera okkar byggðist á og fyllti huga okkar allra.

Ég minnist ógleymanlegra stunda þegar Ásgerður hringdi og sagði okkur að nú hefði hún lokið verki sem hún hafði unnið að vikum og jafnvel mánuðum saman. Þá var ekið í Karfavoginn þar sem teppið hafði verið hengt á vegginn bak við vefstólinn. Þar hékk það, hulið léreftsdúk. Það var falleg stund þegar Ásgerður svipti dúknum af listaverkinu og við fengum að njóta þess í gleði og aðdáun.

Við Ásgerður hittumst fyrst í Handíða- og myndlistaskólanum árið 1943. Ég laðaðist strax að þessari glæsilegu stúlku sem var nokkrum árum eldri en ég, þokkafull með sitt dumbrauða, mikla hár, reist í fasi en þó hlédræg. Hún var afburðanemandi og sýndi strax mikla teiknihæfileika. Okkar góði lærimeistari, Kurt Zier, kveikti hjá okkur skilning og áhuga, ekki aðeins á gildi málverks og höggmyndalistar heldur einnig listiðnaðar, enda kenndi hann undir formerkjum Bauhaus-skólans þar sem ýmsir af færustu listamönnum álfunnar höfðu mótað stefnuna. Ég geri mér í hugarlund að þetta viðhorf hafi haft talsverð áhrif á það að Ásgerður gerði síðar vefstólinn að sínu verkfæri við myndlistarsköpunina.

Eftir góð ár í Handíðaskólanum áttum við samleið á Listaháskólann í Kaupmannahöfn og stunduðum báðar nám undir handleiðslu Vilhelms Lundström.

Þegar Ásgerður og Björn fluttust aftur heim til Íslands styrktust enn vináttubönd og mikill samgangur var milli heimilanna í Karfavogi og á Laugarásvegi. Börnin okkar voru á svipuðum aldri og léku sér oft saman. Þau muna leiki í lítt snortinni náttúru þar sem byggð var rétt að hefjast og þau minnast leikjanna á loftinu í Karfavoginum: Frá neðri hæðinni barst ómur af pikkinu í ritvél Björns, sem hamaðist í reykjarsvælunni í sinni hosiló, og taktfastir smellir þegar Ásgerður sló vefinn. Þannig flétt-aðist líf og list í þéttan vef.

Ásgerður var starfsöm og afkastamikil. Það var ekki sjálfgefið á þessum árum að textíllist væri metin til jafns við olíumálverkið eða vatnslitamyndina, en það blandaðist engum hugur um að list hennar stæðist fyllilega samanburð við verk færustu listamanna samtíðarinnar. Hún vann marga stóra og verðskuldaða sigra á listferli sínum og verk hennar, öguð og stórbrotin í einfaldleika sínum en líka næm og tilfinningarík, munu ekki missa gildi sitt né falla í gleymsku.

Ég er innilega þakklát fyrir að hafa átt Ásgerði að vini í vel sjötíu ár.

Sigrún Guðjónsdóttir (Rúna).

Þegar saga íslenskrar myndlistar á seinni hluta tuttugustu aldar verður loks rituð mun koma í ljós hvílíkur afreksmaður Ásgerður Búadóttir var á þeim akri. Hún kaus sér ekki aðeins hlutskipti brautryðjandans heldur tók hún glímuna við einn erfiðasta miðil myndlistarinnar. Í vefnum leyfast engin mistök, engar misfellur verða faldar á bak við dagsformið; þar er allt sýnilegt. Hver þráður verður að eiga sinn samastað í hugskoti vefarans áður en verkið er hafið. Sá agi sem vefurinn krafðist átti vel við Ásgerði, enda skipulögð og vinnusöm. Hún háði þó sínar rimmur við anda og efni og gat þá gengið nærri sjálfri sér, ekki síst þegar hún var að vinna stór, pöntuð verk. Aginn birtist ekki eingöngu í verkum hennar; hún tamdi sér hollan lífsstíl meðan slíkt þótti púkalegt ef ekki hreinlega leiðinlegt meðal kollega hennar og þurfti því aldrei að eyða dýrmætri orku í að núllstilla sálarlífið með reglulegu millibili. Hún var alla tíð flott og elegant manneskja; dama í þess orðs bestu merkingu, með ríka persónutöfra sem hún vissi vel af sjálf, en misnotaði aldrei.

Leið Ásgerðar að vefnum var ekki augljós. Hefðbundið myndlistarnám hér heima og síðar í Kaupmannahöfn leiddi í ljós einstaka hæfileika hennar, ekki síst í teikningu, og það veganesti tók hún með aftur til Íslands um miðbik aldarinnar. Og vefstólinn – sem hún gat aldrei almennilega skýrt út af hverju fékk að fljóta með. Á örfáum árum náði hún ótrúlegum tökum á viðfangsefni sínu og skaut veflistinni, þessu ævagamla listformi, upp í jafnstöðu við aðrar greinar myndlistar hérlendis. Vitanlega fékk hún sína gusu af fordómum frá þeim er töldu veflist vera hannyrðir í ætt við útsaum, þar sem Gunnhildur kóngamóðir prýddi púða og Sigurður fáfnisbani stólbök á skárri heimilum. Svo ekki sé minnst á þá sem töldu velgengni hennar stafa af stöðu eiginmanns hennar sem fremsta listsagnfræðings þjóðarinnar. Aðeins sjö árum eftir heimkomuna hlaut hún gullverðlaun fyrir fyrstu verkin er hún sýndi; sú upphefð kom, eins og náttúrulögmálið býður, að utan þegar henni bauðst þátttaka á hinni mikilvægu list- og handverkssýningu í München 1956. Og alla tíð átti hún traustan hóp aðdáenda meðal erlendra kollega og listunnenda, einkum eftir að hún fór að taka virkan þátt í sýningum á Norðurlöndum upp úr 1970.

Þau Ásgerður og Björn Th. voru heimilisvinir foreldra minna og nágrannar um skeið; faðir minn hafði reyndar kynnt þau í Kaupmannahöfn forðum daga. Þegar ég stóð hinsvegar sjálfur í fyrsta sinn inni á gólfi á vinnustofu hennar í Karfavogi og falaðist eftir verki til kaups, hlýtur það að hafa verið kostuleg uppákoma, enda hinn væntanlegi kaupandi ekki lögráða og tæplega sjálfrátt. Ég sneri himinlifandi heim með tvö verk undir hendinni – í strætó. Á þessum eftirmiðdegi urðum við Ásgerður vinir og ekkert varð eins á eftir. Ekki löngu síðar færði hún mér að gjöf lítið verk úr áðurnefndri Münchenar-röð – og þá var allt fullkomnað.

Ögmundur Skarphéðinsson.

Með Ásgerði Ester Búadóttur listvefara er genginn einn af brautryðjendum íslenskrar nútímalistar, en upp á sitt eindæmi gerði hún hefðbundna íslenskra veflist að nútímalegum miðli, mikilfenglegum og margræðum á forsendum módernískrar fagurfræði, en um leið gegnumskotinni lotningu fyrir litbrigðum, formgerð og áferð landsins.

Þetta hefur áreiðanlega ekki reynst Ásgerði auðvelt. Húsfreyja á stóru heimili, eiginkona svip- og fyrirferðarmikils umsýslumanns á vettvangi íslenskrar myndlistar, umsetin úrtölumönnum, innan lista sem utan, sem ekki töldu veflistina jafnoka málara- og höggmyndalistarinnar. Á endanum stóð hún uppi sem sigurvegari, aðnjótandi alls þess heiðurs sem íslenskum myndlistarmanni getur hlotnast og fyrirmynd ungra listamanna á vettvangi textílanna. Þegar þetta er skrifað er einn helsti listamaður sinnar kynslóðar, Hildur Bjarnadóttir, að opna sýningu á náttúrutengdum textílverkum, sem kallast með ýmsum hætti á við hugmyndaheim Ásgerðar.

Þessi lífsbarátta setti mark sitt án efa á Ásgerði; í viðkynningu gat hún sveiflast milli þvergirðingsháttar og ýtrasta lítillætis, en á góðum stundum, fjarri hversdagslegu amstri, komu í ljós viðkvæmni hennar og tilfinninganæmi. Náttúran, tónlist og bókmenntir – einkum og sér í lagi bækur Halldórs Laxness – voru henni uppspretta andlegrar upphafningar, um þetta þrennt vildi hún ræða fremur en myndlist, sína eigin eða annarra.

Sá sem þetta ritar átti þess kost að vinna náið með Ásgerði um tveggja ára skeið að gerð bókar um verk hennar. Þetta var lærdómsríkur tími fyrir bókarhöfund, gjörvallt umbrotaskeið íslenskrar myndlistar á sjötta og sjöunda áratugnum var undir og mörg álitamál brotin til mergjar. Það var meyr, sáttfús og hlý gömul kona sem leit yfir farinn veg. Af samvistum við hana hef ég lært meira en af mörgum fyrirferðarmeiri samferðamönnum hennar í myndlistinni. Fyrir það er ég þakklátur. Börnum hennar færi ég einlægar samúðarkveðjur.

Aðalsteinn Ingólfsson.

Minningargreinar

Morgunblaðið birtir minningargreinar endurgjaldslaust alla útgáfudaga.

Skilafrestur | Ef óskað er eftir birtingu á útfarardegi verður greinin að hafa borist eigi síðar en á hádegi tveimur virkum dögum fyrr (á föstudegi ef útför er á mánudegi eða þriðjudegi). Þar sem pláss er takmarkað getur birting dregist, enda þótt grein berist áður en skilafrestur rennur út.

✝

Elskulegur faðir okkar og tengdafaðir,

BJÖRN R. EINARSSON
hljómsveitarstjóri,

sem lést mánudaginn 19. maí, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 28. maí kl. 15.00.

Gunnar Björnsson,
Björn Björnsson,

Ragnheiður Björnsdóttir,
Oddur Björnsson,
Jón Björnsson,

Ágústa Ágústsdóttir,
Hrönn Scheving,
Ásta Jónsdóttir,
Ásmundur G. Vilhjálmsson,
Ásta Kristín Gunnarsdóttir,
María Alexandersdóttir.

✝



Systir mín,

LAURA LOUISE BIERING,
Sléttuvegi 15,
Reykjavík,

sem lést mánudaginn 19. maí, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 28. maí kl. 11.00.
F.h. fjölskyldunnar,

Henrik P. Biering.

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ERNA GUÐMUNDSDÓTTIR,
Jökulgrunni 26,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 27. maí kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð skáta, 0701-26-003444, kt. 440169-2879.

Gísli Kristjánsson,
Guðrún Gísladóttir, **Halldór Þórðarson,**
Kristján Gíslason, **Ásdís Rósa Baldursdóttir,**
Guðmundur Torfi Gíslason, **Ragnheiður K. Sigurðardóttir,**
barnabörn og barnabarnabarn.

✝

Yndisleg móðir okkar,

KRISTÍN ÁRNADÓTTIR,
Sporðagrunni 14,

verður jarðsungin frá Áskirkju miðvikudaginn 28. maí kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

Árni Björn Stefánsson, **Gunnhildur Stefánsdóttir,**
Ólafur M. Stefánsson, **Kristín Pétursdóttir,**
Björg Stefánsdóttir, **Sveinbjörn Garðarsson,**
Auður Stefánsdóttir, **Ágúst Guðmundsson,**
Einar K. Stefánsson, **Sigurlaug Guðrún Þórðardóttir**
og fjölskyldur.